

Nd.

331. Frumvarp til laga

[106. mál]

um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd)

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakostnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, hækkaður hjá togarasjómönnum um kr. 200.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 300.00 hjá öðrum fiskimönnum. Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, skulu matsveinar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslensk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.